


# Leiðbeiningar fyrir gjaldeyriskerfið í Netbanka Arion banka



Opnunartími Erlendra viðskipta  
Opnið frá kl. 9.15 - 16.00 ef tekið er út af reikningi í íslenskrí mynt.  
Opnið frá kl. 8.00 - 20.45 ef tekið er út af reikningi í erlendri mynt.

## 1. Veftré í Netbankanum

Velja **Erlend viðskipti** > **Viðskiptatengsl** > **Skrá nýjan viðtakanda**



## 2. Skrá nýjan viðtakanda

Þessa aðgerð þarf einungis að framkvæma einu sinni fyrir hvern nýjan viðtakanda. Kerfið vistar bankaupplýsingarnar þannig að einfalt er að greiða aftur til sama viðtakanda.

Leit í viðskiptatengslum.

Leita eftir

Öllum svæðum

Leitarstrengur

Birta

100

Leita

Eyða völdum

Skrá nýjan viðtakanda

- Nafn móttakanda:** Skrá verður nákvæmlega, nafn móttakanda, heimilisfang, borg. Ekki má stytta nafn viðtakanda, rangt skráðar upplýsingar geta valdið aukakostnaði og töfum hjá móttökubanka.
- Land móttakanda:** Smella á fellilistann og velja land í samræmi við heimilisfang móttakanda.
- Mynt tengsla:** Opna fellilista og velja viðeigandi greiðslumynt.
- Tilkynning í tölvupósti:** Hægt er að velja um 14 tungumál. Í hvert skipti sem greiðsla á sér stað eftir fyrstu greiðslu þá sendir kerfið sjálfkrafa greiðslutilkynningu á skráð netfang móttakanda.
- Reikningsnúmer (IBAN):** Skrá verður IBAN reikningsnúmer ef banki viðtakanda er í Evrópu. Ef banki viðtakanda er í USA eða Asíu þá er skráð reikningsnúmer (account number).
- Swiftfang (BIC code):** Hér er sleginn inn BIC /Swift kódi bankans og síðan er smellt á sækja eftir SWIFT.



## Leiðbeiningar fyrir gjaldeyriskerfið í Netbanka Arion banka

- Ef að kerfið skilar ekki niðurstöðu þegar sleginn er inn uppgefinn swift kóði þá skal senda fyrirspurn á **foreignpayments@arionbanki.is**
- Ef að kerfið birtir fullt nafn banka og heimilisfang og þá skal smella á **VISTA**.

Nýskráð tengsl eru þá send til samþykktar/yfirferðar hjá Erlendum viðskiptum hjá Arion banka.

### Skrá ný eða breyta viðskiptatengslun

Móttakandi greiðslu		
Nafn móttakanda*	Heimilisfang*	
1 ABC House AB	Stockholmsgatan 110	SE-25 Stockholm
Land móttakanda*	Mynt tengsla*	Tegund
2 SWEDEN	3 SEK - Swedish krona	<input checked="" type="radio"/> Simgreiðsla <input type="radio"/> Tékkatengsl
Tilkynning 1 í tölvupósti	Tilkynning 2 í tölvupósti	Viðskiptakerfisnúmer
4 gbeten@abc.se	jkurt@abc.se	
Sænska	Enska	

Bankaupplýsingar	Nafn banka
Reikningsnúmer (IBAN)*	5 SVENSKA HANDELSBANKEN
SE8790597454444444	Heimilisfang banka
Swiftfang (BIC code) / Útibúanúmer /SC/FW/ABA	BLASIEHOLMSTORG 11, STOCKHOLM, STOCKHOLM, SWEDEN
6 Handsess	Swiftfang (BIC code)
	HANDESSXXX

[Sækja eftir SWIFT](#)

[Velja annan banka](#)

Leit að erlendum banka

Nafn lands

Veldu land

Nafn borgar

[Leita að banka](#)

[Vista](#)



## Leiðbeiningar fyrir gjaldeyriskerfið í Netbanka Arion banka

### 3. Viðskiptatengsl sem bíða samþykktar

- Þegar viðskiptavinur hefur vistað nýskráð tengsl, þá birtast þau undir **Viðskiptatengsl sem bíða samþykktar**.
- Að öllu eðlilegu tekur 15-20 mínútur að virkja ný viðskiptatengsl í kerfið, en um leið og ný viðskiptatengsl eru samþykkt færast þau undir **Skráð viðskiptatengsl**.
- Hafa skal samband við Erlend viðskipti hjá Arion banka á netfangið [foreignpayments@arionbanki.is](mailto:foreignpayments@arionbanki.is) ef liggur á að samþykkja ný viðskiptatengsl eða ef einhverjar spurningar vakna. Fyrirspurnum er svarað eins og fljótt og auðið er.

Viðskiptatengsl sem bíða samþykktar					
VKNúmer	Móttakandi	Banki	Reikningur (IBAN)	Mynt	
Skráð viðskiptatengsl					
VKNúmer	Móttakandi	Banki	Reikningur (IBAN)	Mynt	Aðgerðir

### 4. Skrá greiðslu

Um leið og viðskiptatengsl hafa verið samþykkt færast þau yfir í Skráð viðskiptatengsl og þá er hægt að hefja greiðsluferlið, þá er smelt á hnappinn lengst til hægri undir aðgerðarflipa – þá opnast ný valmynd.

Skráð viðskiptatengsl						
VKNúmer	Móttakandi	Banki	Reikningur (IBAN)	Mynt	Aðgerðir	
▼ □	Airline Maintenance & Engineering	HSBC BANK PLC	GB80MIDL40131002012081	GBP		☰
Breyta Eyða viðskiptatengslum Skrá greiðslu						

### Skrá/breyta/skoða greiðslu

1. **Móttakandi:** Mikilvægt að athuga vel að réttur móttakandi hafi verið valinn
2. **Upphæð og mynt:** Eingöngu nota tölustafi ekki punkta.
3. **Greiðsla tilheyrir möppu / Gjaldalagi:** Eingöngu notað fyrir magngreiðslur í netbanka fyrirtækja.
4. **Flokkunarlyklar greiðslu:** Áriðandi er að velja viðeigandi flokkunarlykil vegna tilkynningarskyldu til Seðlabanka Íslands.
5. **Hraðsending:** Hér er hægt að hraða greiðslu um einn dag. Vinsamlega athugið aukakostnað.
6. **Greiða erlendan bankakostnað:** Haka skal í ef móttakandi á ekki að greiða kostnað sem hlýst af greiðslunni. Þó er aldrei hægt að segja fyrir um það nákvæmlega hver erlendur bankakostnaður er og ekki hægt að fyrirbyggja það fullkomlega að móttakandi fá ekki einhvern kostnað við yfirfærsluna. Vinsamlega athugið lágmarks aukakostnað ef hakað er við þennan möguleika.
7. **Tilvísanir:** Hér á að skrá lýsandi upplýsingar á ensku um fyrir hvað greitt er. Ef greiðslulýsing er skráð á íslensku þá er greiðslunni skilað til baka inn á reikning greiðanda.



8. **Tilkynning í tölvupósti:** Greiðslutilkynning fer samstundis af stað um leið og greitt er. Það er hægt að velja um 14 tungumál úr fellilista.
9. **Frjáls texti með tölvupóst:** Ef þörf er á frekari skýringum með kvittun til móttakanda greiðslunnar.
10. Staðfesta verður með haki að **viðeigandi flokkunarlykill fyrir greiðsluna** hafi verið valinn og **lýsandi tilvísun á ensku** hafi verið skráð – við það verður greiðsluhnaðurinn virkur.
11. **Greiða þessa greiðslu:** Smella á hnappinn til að komast í lokavalmyndina þar sem úttektarreikningur er valinn og leyninúmer er slegið inn.

<b>1</b>	Móttakandi	Airline Maintenance & Engineering	Reikningsnúmer (IBAN)	GB80MIDL40131002012081
	Upphæð	Greiðsla tilheyrir möppu:	Gjalddagi (dd.mm.aaaa)	
<b>2</b>	1500	GBP	<b>3</b> Aðalmappa	
	Flokkunarlykill greiðslu	Senda sem:		
<b>4</b>	Önnur vöruviðskipti	símgreiðslu		
<b>5</b>	<input type="checkbox"/> Hraðsending (Áætfl. 18.05.2017) ATH Aukakostnaður 3.500 kr.			
<b>6</b>	<input type="checkbox"/> Greiða erlendan bankakostnað ATH Aukakostnaður lág 5.000 kr.			
	Tilvísanir (vinsamlegast athugið að tilvísun verður að skrá á ensku)			
<b>7</b>	Invoice 225566			
	Tilkynning 1 í tölvupósti	Tilkynning 2 í tölvupósti		
<b>8</b>	cjohn@ame.com	tlee@ame.com		
	Enska	Kínverska		
	Frjáls texti með tölvupósti			
<b>9</b>	Regarding parts invoice nr. 225566			
	<input type="checkbox"/> Skrá fleiri greiðslur			
	Vegna tilkynningarskyldu til Seðlabanka Íslands þarf ávallt að vera viðeigandi <b>Flokkunarlykill greiðslu</b> og skrá skýringu fyrir greiðslu á ensku undir <b>Tilvísanir</b> .			
<b>10</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Ég staðfesti að flokkunarlykill er réttur og ensk tilvísun hefur verið skráð.			
	<b>11</b>		Vista í valda möppu	
			Greiða þessa greiðslu	

## 5. Velja úttektarreikning og leyninúmer

Þegar smelt hefur verið á **Greiða þessa greiðslu** birtist næsta skref þar sem mikilvægt er að **yfirfara greiðslubeiðni** og velja síðan úttektarreikning og leyninúmer fyrir úttekt. Smella á **Greiða greiðslu** til staðfestingar.



# Leiðbeiningar fyrir gjaldeyriskerfið í Netbanka Arion banka

Greiðandi	Greiðsluupplýsingar
Nafn	Dagsetning og tími 17.05.2017 11:48:05
Kennitala	Gengi 132,5400 (skræð gengi)
Heimili	Fjöldi hreyfinga 1
Póstnúmer og staður	Heildarupphæð GBP 1.005,66 = ISK 133.290

Viðtakendur

Móttakandi	Gildisdags.	Upphæð	Mynt	Upphæð ISK	Kostnaður	Upph. m. kostn.	Teg.
Airline Maintenance & Engineering	19.05.2017	1.000,00	GBP	132.540 kr.	750 kr.	133.290 kr.	
Samtals		1.000,00	GBP	132.540 kr.	750 kr.	133.290 kr.	

Reikningur \* 0311-26-      Leyninúmer \* .....

Vegna tilkynningarskyldu til Seðlabanka Íslands þarf ávallt að vera viðeigandi **Flokkunarlykill greiðslu** og skrá skýringu fyrir greiðslu á ensku undir **Tilvísanir**.

Ég staðfesti að flokkunarlykill er réttur og ensk tilvísun hefur verið skráð.

Hætta við      **Greiða greiðslu**

## Spurt og svarað

### Ef ég lendi í vandræðum hvar fæ ég aðstoð?

Vinsamlega hafðu samband við Erlend viðskipti hjá Arion banka á netfangið [foreignpayments@arionbanki.is](mailto:foreignpayments@arionbanki.is) og fyrirspurn þinni verður svarað von bráðar.

### Opnunartími kerfisins.



Opnunartími Erlendra viðskipta  
Opið frá kl. 9.15 - 16.00 ef tekið er út af reikningi í íslenskrri mynt.  
Opið frá kl. 8.00 - 20.45 ef tekið er út af reikningi í erlendra mynt.

### Hvað má einstaklingur senda háa símgreiðslu í Netbanka Arion banka?

Hámarkið er 5.000.000 kr. íslenskar krónur í hverjum almanaksmánuði. Ef einstaklingur þarf að senda hærri upphæð, verður hann að hafa samband við sitt útibú eða senda símgreiðslubeiðni á [arionbanki@arionbanki.is](mailto:arionbanki@arionbanki.is). Ef að einstaklingur hefur sent símgreiðslu fyrir t.d 4.800.000 kr. innan mánaðar þá hefur hann einungis heimild til að senda símgreiðslu fyrir 200.000 kr. til viðbótar. Næstu mánaðarmót getur viðkomandi svo sent aftur símgreiðslu fyrir kr. 5.000.000. **Það er ekki í boði að hækka þetta upphæðamark fyrir greiðslu í netbankanum.**

### Hvað tekur það langan tíma að koma greiðslunni til skila?

Greiðslurnar eru sendar í gegnum alþjóðlegt greiðslumiðlunarkerfi og tekur það að jafnaði 2-3 virka bankadaga að berast inn á reikning móttakanda. EUR greiðslur innan Evrópu taka 1-2 virka daga.

### Get ég fengið flýtimeðferð á erlenda greiðslu (skemmri tíma en 2 daga)?

Já það er möguleiki að haka við hraðsendingu en vinsamlegast athugið að það kostar aukalega, sjá verðskrá bankans.

### Hvað eru IBAN reikningsnúmer?

Í öllum löndum Evrópu er krafist þess að nota svokölluð IBAN (International Bank Account Number) reikningsnúmer ásamt BIC eða SWIFT kóða sem einkennir viðkomandi móttökubanka.

### Hvernig lítur IBAN og SWIFT út?

Dæmi um IBAN og SWIFT í Þýskalandi: DE29350700300326120300 / DEUTDEFF



## Leiðbeiningar fyrir gjaldeyriskerfið í Netbanka Arion banka

### Hvað geri ég ef IBAN reikningsnúmerið sem ég hef undir höndum er rangt?

Þá er nauðsynlegt að hafa samand við móttakanda greiðslunnar og fá uppgefið rétt IBAN reikningsnúmer annars má búast við að greiðslan taki á sig allt að EUR 50,00 í erlendan bankakostnað auk þess sem greiðslan stöðvast á meðan beðið er eftir réttum upplýsingum og hugsanlega endursend aftur á reikning sendanda að frádregnum kostnaði.

### Get ég fengið hjálp frá bankanum með IBAN númer?

Hafa þarf samband við Erlend viðskipti á netfangið [foreignpayments@arionbanki.is](mailto:foreignpayments@arionbanki.is) sem hefur aðgang að uppflattikerfi sem getur skoðað IBAN númer. IBAN númer verða að uppfylla ákveðin skilyrði. Í deildinni er mikil sérþekking og hugsanlegt að hægt sé að lesa út úr upplýsingum hvað vanti uppá IBAN númer til þess að það uppfylli skilyrði móttökubankans. Í versta falli verður að óska eftir nýjum greiðsluupplýsingum frá móttakanda.

### Hvaða með reikningsnúmer í Ameríku og Asíu, nota þeir IBAN?

Nei í USA og Asíu eru notuð hefðbundin reikningsnúmer t.d eins 3785014065 og er það uppgefið sem account number t.d eins 3785014065.

### Get ég greitt allan kostnað sem hlýst af símgreiðslu, þannig að upphæðin fari óskert inn á reikning móttakanda?

Hægt er að óska eftir að viðskiptavinur greiði erlendan bankakostnað og það gert með því að haka við „greiða erlendan bankakostnað“ þegar verið er að skrá símgreiðsluna. Upphæð á þá að fara óskert til viðskiptavinar. Athugið samt að það geta verið undantekningar á þessu og hugsanlegt að það muni einhver kostnaður falla á móttakanda, kostnaður sem móttökubankinn tekur.

### Hvað geri ég ef að kerfið finnur ekki erlenda bankann eftir inns lengnu SWIFT?

Hægt er að hafa samband við Erlend viðskipti [foreignpayments@arionbanki.is](mailto:foreignpayments@arionbanki.is) og óska eftir aðstoð þáðan. Ástæður geta verið margþættar, t.d. banki er ekki til í kerfinu og þarf þá að stofna hann, viðskiptavinur er hugsanlega með rangar upplýsingar, viðskiptavinur notar leitina ekki rétt.

### Það á eftir að samþykkja viðskiptatengsl, hvað þýðir það?

Þegar viðskiptavinur hefur skráð ný tengsl í Netbanka Arion banka verður starfsmaður bankans að fara yfir skráningarupplýsingar og samþykkja eða kalla eftir frekari upplýsingum – eftir því sem við á. Ef allt er í lagi, mun hann samþykkja skráninguna og tekur það ca 15-20 mínútur. Athuga að það getur tekið aðeins lengri tíma í hádeginu. Vinsamlega hafið samband við Erlend viðskipti [foreignpayments@arionbanki.is](mailto:foreignpayments@arionbanki.is) ef liggur á að samþykkja viðskiptatengsl eða ef spurningar vakna. Það nægir að senda tölvupóst á deildina til að flýta fyrir skráningu.

### Hvað geri ég ef að móttakandi greiðslunnar segist ekki vera búin að fá greiðsluna?

Ef meira en 3 virkir dagar eru liðnir frá því að staðfest var að greiðslan fór af stað skal senda fyrirspurn á Erlend viðskipti á netfangið [foreignpayments@arionbanki.is](mailto:foreignpayments@arionbanki.is) og tilgreina:

- Kennitölu sendanda
- Af hvaða reikningi greiðsla fór
- Dagsetning (getur séð hana á úttekt reiknings)
- Upphæð greiðslu í erlendri mynt

Viðskiptavinur segir að upplýsingar á símgreiðslu séu rangar t.d reikningsnúmer, banki móttakanda, nafn móttakanda, upphæð eða mynt?

Sendu skal athugasemd á Erlenda viðskipti, [foreignpayments@arionbanki.is](mailto:foreignpayments@arionbanki.is) með ósk um breytingu á símgreiðslu. Tilgreina þarf eftirfarandi:

- Kennitölu einstaklings sem sendir
- Út af hvaða reikningi greiðsla fór

Dagsetning (getur séð hana á úttekt reiknings)  Upphæð greiðslu í erlendri mynt  Breytingu á greiðslu. o Athugið! Áríðandi er að réttar upplýsingar komi fram. Fínt er að áframsenda viðhengi eða skeyti sem staðfestir breytingu.

